

10. gr.

Kennari, sem annast hefur kennslu á námskeiði skv. II. kafla, semur, fer yfir og gefur einkunnir vegna prófverkefnis í viðkomandi grein, sbr. þó 8. gr.

Prófmaður á rétt á að fá útskýringar kennara á mati úrlausnar sinnar, ef hann æskir þess innan 15 daga frá birtingu einkunnar. Vilji prófmaður, sem ekki hefur staðist próf, þá eigi una mati kennarans, getur hann skotið því til endurmats prófnefndar. Mat prófnefndar á úrlausn eða staðfesting á einkunn kennara er endanleg.

Einkunnir skulu gefnar í heilum og hálfum tölum frá 0 til 10. Til þess að standast próf þarf prófmaður að hljóta einkunnina 7,0. Standist prófmaður ekki próf getur hann sótt um að endurtaka það einu sinni, enda hafi umsókn borist prófnefnd innan 45 daga frá því að einkunnir voru birtar. Einnig er prófmanni heimilt að þreyta próf næst þegar reglulegt próf er haldið, án þess að sækja námskeið, þó ekki oftár en einu sinni.

Prófnefnd skal staðfesta með skirteini að prófmaður hafi staðist eignaskiptayfirlýsinga-próf.

IV. KAFLI

Lagaheimild og gildistaka.

11. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 7. mgr. 16. gr. a. laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, sbr. 2. gr. laga nr. 136/1995, öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytinu, 9. apríl 1996.

Páll Pétursson.

Berglind Ásgeirsdóttir.

AUGLÝSING**um breytingu á deiliskipulagi í Garðabæ.**

Samkvæmt ósk bæjarstjórnar Garðabæjar hefur skipulagsstjórn ríkisins þann 27. apríl 1996 staðfest breytingu á staðfestu deiliskipulagi í Molduhrauni frá 14. september 1988, með síðari breytingum, sbr. 3. og 4. mgr. 19. gr. skipulagslaga nr. 19/1964.

Breytingarnar varða lóðirnar Suðurhraun 2 og 2a og eru fölgjar í því að þær skiptast í 6 lóðir með breyttum aðkomum.

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur lýst því yfir, að hún taki að sér að bæta það tjón, er einstakir aðilar kunna að verða fyrir við breytinguna.

Umhverfissráðuneytinu, 15. apríl 1996.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.